

Aðalfundur Vatns- og fráveitufélagsins 2023

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 27. apríl, 2023 kl. 14:00 og var boðaður með tölvupósti til félagsmanna þann 13. apríl 2023 með dagskrá samkvæmt lögum félagsins.

Formaður VAFRÍS setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Hann gerði það að tillögu sinni að Baldur Dýrfjörð yrði fundarstjóri og Sigurður Grétar Sigmarsson yrði fundarritari. Fundurinn samþykkti það einróma og tók Baldur þá við stjórn fundarins.

Baldur kynnti dagskrárliði samkvæmt lögum félagsins.

Samkvæmt lögum félagsins skal kynna tillögur að lagabreytingum með fundarboði aðalfundar. Stjórn félagsins gerir ekki tillögur um lagabreytingar og engar slíkar tillögur bárust stjórn félagsins. Er sá liður því ekki á dagskrá aðalfundarins.

Aðalfundurinn var boðaður með tölvupósti til félagsmanna auk þess að vera kynntur á samfélagsvef félagsins. Fundarstjóri spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun aðalfundarins. Svo var ekki og telst fundurinn því lögmætur.

Fastir liðir á dagskrá aðalfundar eru (skv. lögum félagsins):

- a. **Skýrsla stjórnar VAFRÍS - fundarstjóri gefur formanni orðið Hlöðver Stefán Þorgeirsson formaður**
 - a. Hlöðver flutti skýrslu stjórnar sem er aðgengileg á vef félagsins.
- b. **Endurskoðaðir reikningar félagsins. Hrund Ólöf Andradóttir gjaldkeri**
 - a. Hrund fer yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning 1. maí 2022 – 24. apríl 2023
 - b. Rekstrarniðurstaða ársins er kr. -4.068 og eignir eru samtals kr. 1.438.594
 - c. Fundarstjóri spurði hvort einhver vilji taka til máls um ársreikninga félagsins. Svo var ekki og reikningar félagsins voru samþykktir einróma.
- c. **Kosning formanns skv. 4. gr. laga félagsins.**
 - a. Samkvæmt 4. gr. laga VAFRÍS er formaður þess kosinn sérstaklega til árs í senn. Hlöðver Stefán Þorgeirsson gefur kost á sér áfram
 - b. Ekki voru aðrar tillögur og Hlöðver Stefán Þorgeirsson réttkjörinn formaður VAFRÍS – samþykktur með lófataki.
- d. **Kosning stjórnar.**
 - a. Stjórnarfólk er kosið til tveggja ára í senn.
 - b. Kjörtímabil eins stjórnarmanns er útrunnið þ.e. Sigrúnar Tómasdóttur
 - c. Sigrún gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu
 - d. Fundarstjóri spurði um önnur framboð?
 - e. Svo var ekki og er Sigrún Tómasdóttir því réttkjörinn stjórnarmaður
 - f. Annað stjórnarfólk lýkur kjörtímabili sínu á næsta aðalfundi VAFRÍS 2024.
- e. **Kosning skoðunarmanna til eins árs í senn.**
 - a. Brynjólfur Björnsson gefur kost á sér sem skoðunarmaður
 - b. Ekki voru bornar fram aðrar tillögur og Brynjólfur því réttkjörinn skoðunarmaður reikninga VAFRÍS.

f. Ákvörðun á félagsgjöldum.

- a. Stjórn félagsins gerir tillögu um að hækka árgjöld VAFRÍS um 10% - er þá horft til þess að þau haldi verðgildi sínu og einnig með það í huga að á næsta ári verður afmælisár félagsins.
- b. Það þýðir að félaggjöld einstaklinga fara í kr. 2.000 í kr. 2.200
- c. og félagsgjöld lögaðila fara úr kr. 20.000 í kr. 22.000
- d. Ekki voru aðrar tillögur og var tillaga um hækkun samþykkt samhljóða

g. Önnur mál.

- a. Formaður gerði grein fyrir umræðum um starfið á næsta ári og þar með hugmyndum um afmælisráðstefnu mögulega í samstarfi við aðra aðila.
 - i. Dagskrá fráveitumál á mýrarsvæðum með haustinu.
 - ii. Næsta ár verður 15 ára afmælisár – nota sjóðinn til að efna til afmælishátíðar – sérstök afmælisnefnd –
- b. Eru fleiri sem vilja taka til máls undir liðnum önnur mál.
 - i. Ekki fleiri mál rædd.

h. Fleira ekki gert og aðalfundi slitið kl. 14:20